Nr. 12.
31.
júlí.

# Auglýsing

um,

## að út sje gefin skipulagsskrá fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands.

---

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefur Hans hátign konunginum þóknazt í dag að veita skipulagsskrá þeirri, er hjer fer á eptir, allrahæsta staðfesting:

Samkvæmt lögum 10. nóvember 1905 um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands gjöri og gef jeg undirritaður Íslands ráðherra Hans konunglegu hátignar, hjermeð í von um allrahæsta staðfesting Hans hátignar konungsins eptirfylgjandi

## Skipulagsskrá fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands.

1. gr.

Fiskiveiðasjóður Íslands er stofnaður með lögum nr. 52, 10. nóv. 1905 til þess að efla fiskiveiðar og sjáfarútveg landsmanna með hentugum lánum, styrkveitingum og verðlaunum.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 100,000 kr., sem landssjóður leggur fram í skuldabrjefum fyrir lánum til þilskipakaupa eins og lánin stóðu við árslok 1905. Á skuldabrjef þessi skal rita framsal til sjóðsins. Við sjóðinn bætist árlega fyrst um sinn $^1/_3$ hluti þess sektafjár, sem í landssjóð rennur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi eptir 22. dag febrúarmánaðar 1906, að meðtöldum $^1/_3$ þess nettóandvirðis, sem landssjóði greiðist fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga, og greiðist fje þetta í sjóðinn jafnóðum og það gelzt landssjóði. Ennfremur leggjast við höfuðstólinn gjafir allar og ánafnanir, er sjóðnum kynni að hlotnast, svo og sá hluti af árstekjunum, sem eigi er varið á annan hátt samkvæmt 5. gr.

3. gr.

Höfuðstólnum, eins og hann er talinn í 2. gr., skal varið til lánveitinga með vægum kjörum:

a. til þess að kaupa og byggja fiskiskip. Með fiskiskipum, er lán má veita til, teljast auk þilskipa, hvort sem eru seglskip eða vjelum knúð, opnir fiskibátar, sem fram eru knúðir af vjelaafli, þó eigi minni en 3 smálestir. Að jafnaði skal ekki veita lán til að kaupa skip nema frá útlöndum, og skulu þau vera fyrsta flokks. Ef sjerstaklega stendur á, má þó lána til kaupa á innlendu skipi, ef skipið er eins gott og fyrsta flokks skip útlend, og hætt er við, að það mundi ekki ganga til fiskiveiða ella.

b. til þess að kaupa ný veiðarfæri, sjerstaklega þesskáttar veiðarfæri, sem dýrari eru og fengsælli talin, en þau er almennt tíðkast hjer á landi.

# Bekendtgørelse

Nr. 12.
31.
Juli.

om,

## at der er udgaaet en Fundats for Islands Fiskerifond.

---

Paa Islands Ministeriums derom nedlagte allerunderdanigste Forestilling har det behaget Hans Majestæt Kongen under Dags Dato at meddele allerhøjeste Konfirmation paa nedenstaaende Fundats:

I Henhold til Lov om Oprettelse af Islands Fiskerifond af 10de November 1905 og i Forventning af Hans Majestæt Kongens allerhøjeste Konfirmation giver og fastsætter jeg undertegnede, Hans kongelige Majestæts Minister for Island, herved følgende

## Fundats for Islands Fiskerifond.

§ 1.

Islands Fiskerifond er oprettet ved Lov Nr. 52 af 10. November 1905 i det Øjemed at befordre Landets Fiskeribedrift ved at bevilge hensigtsmæssige Laan og Understøttelser samt ved at uddele Præmier.

§ 2.

Fondens Grundkapital er 100,000 Kr., der tilskydes af Landskassen i Obligationer udstedte for Laan til Indkøb af Dæksfartøjer, som disse Laan henstode ved Udgangen af Aaret 1905. Disse Obligationer blive at forsyne med Transport til Fonden. Til Grundkapitalen henlægges aarlig indtil videre $^1/_3$ af de Bøder, der tilfalde Landskassen for ulovligt Fiskeri paa Søterritoriet efter den 22de Februar 1906, tilligemed $^1/_3$ af Nettoprovenuet af den for Trawlfartøjer konfiskerede Fangst og Fangstredskaber. Disse Beløb udbetales til Fonden efterhaanden som de indbetales til Landskassen. Endvidere henlægges til Grundkapitalen alle de Gaver og Legater, der maatte tilfalde samme, samt den Del af de aarlige Indtægter, som ikke anvendes paa anden Maade i Henhold til § 5.

§ 3.

Grundkapitalen, saaledes som denne er bestemt i § 2, skal anvendes til Ydelse af Laan paa billige Vilkaar:

a. Til Indkøb og Bygning af Fiskerfartøjer. Til saadanne Fartøjer, hvortil Laan maa ydes, henregnes Dæksfartøjer, hvad enten de gaa for Sejl eller ved Hjælp af Maskiner, aabne Fiskerbaade, som drives ved Hjælp af Motorer, dog ikke under 3 Nettotons. Som Regel skal der kun ydes Laan til Indkøb af første Klasses Skibe fra Udlandet. Under særlige Omstændigheder kan der dog ydes Laan til Indkøb af indenlandske Skibe, forudsat at Skibet er lige saa godt som et første Klasses udenlandsk, og der er Udsigt til, at det ellers ikke vilde gaa ud paa Fiskeri.

b. Til Indkøb af nye Fangstredskaber, i Særdeleshed saadanne som ere dyrere, og som anses heldigere til Fiskefangst, end de som almindelig benyttes her i Landet.

Nr. 12. 31. júlí.

c. til hverskyns annara atvinnubóta við fiskiveiðar og fiskiverkun, og telst þar til beitufang og beitugeymsla, byggingar og áhöld til að þurka og verka fisk, lendingabætur og byggingar og áhöld til að draga upp, varðveita og gjöra við skip.

4. gr.

Árstekjur sjóðsins eru allir vextir og arður af höfuðstólnum, eins og hann á hverjum tíma er eptir 2. gr., og 6,000 kr. árlegt tillag úr landssjóði, er greiðist sjóðnum í ársbyrjun.

5. gr.

Af árstekjum sjóðsins má árlega verja allt að 3,000 krónum til styrkveitinga og allt að 500 krónum til verðlauna.

Styrk má veita:

a. efnilegum ungum mönnum til að kynna sjer veiðiaðferðir, fiskiverkun og annað er lýtur að sjáfarútvegi, meðal erlendra þjóða.

b. til útgáfu tímarita um fiskiveiðar og sjerhvað er að útgjörð og útvegi lýtur.

Verðlaun má veita fyrir framúrskarandi atorku og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar.

6. gr.

Innstæðuna má aldrei skerða. Ef eigi þarf í svipinn að halda á einhverju af því fje, sem er í sjóði, til útlána samkvæmt 3. gr., skal því sem fyrst komið á vöxtu í áreiðanlegum banka eða sparisjóði.

7. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi stjórn sjóðsins og veitir lán öll, styrki og verðlaun. Verði stofnað almennt fiskiveiða- eða útgjörðarfjelag fyrir land allt, í nokkurri líking við Búnaðarfjelag Íslands, er hafi aðalstjórn sína í Reykjavík, skal leita álits fjelagsstjórnarinnar bæði um lánveitingar og veiting styrks og verðlauna úr sjóðnum.

8. gr.

Reikning sjóðsins og skýrslu um styrk- og verðlaunaveitingar skal birta á ári hverju í B-deild stjórnartíðindanna. Reikningurinn skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis.

**H Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

Þetta gjörist hjermeð almenningi kunnugt.

**Í stjórnarráði Íslands, 31. júlí 1906.**

***H. Hafstein.***

*Jón Hermannsson.*

Nr. 12. Auglýsing 31. júlí um, að út sje gefin skipulagsskrá fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands.

c. Til andre til Fiskeriernes Udvikling tjenende Foranstaltninger og Fiskens Tilvirkning, hvortil henregnes Anskaffelse af Agn og dens Opbevaring, Huse og Redskaber til Tørring og Tilvirkning af Fisk, Udbedringer af Landingspladser og Bygninger, Redskaber til at trække Skibene paa Land, og til Opbevaring og Reparation af disse. Nr. 12. 31. Juli.

§ 4.

Fondens aarlige Indtægter bestaar af Renter og anden Indkomst af Kapitalen, saaledes som denne til enhver Tid er ifølge § 2, samt endvidere af et aarligt Tilskud fra Landskassen af 6,000 Kr., der blive at udbetale til Fonden ved hvert Aars Begyndelse.

§ 5.

Af Fondens aarlige Indtægter kan der hvert Aar anvendes indtil 3,000 Kr. til Understøttelser og indtil 500 Kr. til Præmier.

Understøttelse kan ydes:

a. til lovende unge Mænd til udenlands at gøre sig bekendt med Fiskerimetoder, Tilvirkning af Fisk og andet Fiskeribedriften vedrørende.

b. til Udgivelse af Tidskrifter for Fiskeri og Fiskeriinteresser.

Præmier kan gives for udvist fremragende Dygtighed og for saadanne Nyheder vedrørende Fiskeri og Fisketilvirkning, der kan tjene andre som Eksempel.

§ 6.

Grundkapitalen kan aldrig angribes. Er der ikke i Øjeblikket Brug for nogen iøvrigt disponibel Del af den til Udlaan efter § 3, gøres Beløbet saa snart som muligt frugtbringende ved Indsættelse til Forrentning i en solid Bank eller Sparekasse.

§ 7.

Fondens Bestyrelse varetages af Regeringen; denne afgør og bevilger alle Laan, Understøttelser og Præmier. For saa vidt der stiftes et almindeligt Fiskeri- eller Rederiselskab for hele Landet, i Lighed med Islands Landbrugsselskab og dettes Hovedbestyrelse har Sæde i Reykjavik, skal der fra Selskabet indhentes Betænkning om saavel Bevillinger af Laan som om Ydelse af Understøttelser og Præmier af Fonden.

§ 8.

Fondens Regnskab samt Beretning om Uddeling af Understøttelser og Præmier skal aarlig bekendtgøres i Regeringstidendens Afdeling B. Regnskabet skal aarlig ledsage Landsregnskabet og revideres af de af Altinget valgte Revisorer.

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

**Islands Ministerium, den 31. Juli 1906.**

***H. Hafstein.***

*Jón Hermannsson.*

Nr. 12. **Bekendtgørelse af 31. Juli om, at der er udgaaet en Fundats for Islands Fiskerifond.**